



Tillögur til aðalfundar Arion banka hf. sem haldinn verður þann 12. mars 2025

Aðalfundur í Arion banka hf. („Arion banki“ eða „bankinn“) verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 12. mars 2025 og hefst hann kl. 16:00. Einnig verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku. Á fundarboðsdegi er farið með atkvæði fyrir 1.395.435.532 hluti.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári
2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar
5. Kosning endurskoðunarfélags
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
9. Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans
10. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun
11. Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans
12. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
13. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eiginfjárpáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum
14. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
15. Tillögur að breytingum á samþykktum bankans
16. Tillaga að breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans
17. Önnur mál

Tillögur stjórnar sem liggja fyrir fundinum:

1. **Vegna dagskrárliðar 2 - Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár**

Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans og samstæðureikningur vegna ársins 2024 verði samþykktur.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, mun kynna afkomu bankans árið 2024 í samræmi við samþykkt stjórnarinnar á fundi þann 12. febrúar 2025.

2. **Vegna dagskrárliðar 3 - Ákvörðun um greiðslu arðs**

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur 11,5 kr. á hlut, sem jafngildir um 16 milljörðum króna, að teknu tilliti til eigin bréfa bankans.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 13. mars 2025.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 14. mars 2025. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.



Útborgunardagur (e. payment date) verður 20. mars 2025.

Greinargerð:

Stjórn bankans leggur til að um 16 milljarða króna arður verði greiddur vegna ársins 2024, að teknu tilliti til eigin bréfa bankans, eða sem samsvarar 11,5 krónum á hlut.

3. Vegna dagskrárliðar 5 – Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn bankans leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá desember 2024 og 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

4. Vegna dagskrárliðar 6 - Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Stjórn bankans leggur til að þóknun stjórnarmanna, nefndarmanna í undirnefndum stjórnar og varamanna stjórnar verði eftirfarandi:

Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði 600.000 kr., mánaðarlaun varaformanns verði 900.000 kr. og mánaðarlaun stjórnarformanns verði 1.200.000 kr. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu auk þess fá greiddar 387.500 kr. fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sækja í persónu.

Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í undirnefndum stjórnar 250.000 kr. í mánaðarlaun fyrir hverja nefnd og formönnum stjórnarnefnda 375.000 kr. í mánaðarlaun.

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði 600.000 kr. á ári. Auk þess skulu varamenn stjórnar fá greiddar 300.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en 600.000 kr. á mánuði.

Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2025.

Greinargerð:

Nánari umfjöllun er að finna í skýrslu tilnefningarnefndar, sem fyrirhugað er að verði aðgengileg þann 21. febrúar 2025 á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.

5. Vegna dagskrárliðar 7 - Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Stjórn bankans leggur til að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði fast tímagjald sem nemur 29.250 kr.

6. Vegna dagskrárliðar 9 – Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans

Stjórn bankans leggur til að Heimir Þorsteinsson, kt. 200670-3889, verði endurkjörinn í endurskoðunarnefnd bankans.

Greinargerð:

Tillagan byggir á ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga, en af þeim leiðir að utanaðkomandi meðlimir endurskoðunarnefndar skuli tilnefndir á aðalfundi. Þar sem stjórn bankans hefur ákveðið að einn meðlimur endurskoðunarnefndar skuli vera utanaðkomandi, þ.e. ekki stjórnarmaður, leggur stjórnin til að umræddur aðili verði kjörinn á fundinum.

7. Vegna dagskrárliðar 10 – Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun

Stjórn bankans leggur til við aðalfund, að stjórn verði veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og heimili féluginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk bankans og dótturfélaga bankans, um kaup á hlutum í bankanum að fjárhæð allt að 1.500.000 kr. að markaðsvirði á ári hverju í fimm ár.

Greinargerð:



Í samræmi við samþykki aðalfundar Arion banka árið 2020 hefur verið í gildi fimm ára kaupréttáætlun skv. 10. gr. tekjuskattslaga sem reynst hefur árangursrík. Þar sem núgildandi áætlun fellur úr gildi árið 2026 er lagt til að stjórn bankans verði veitt heimild til að innleiða nýja fimm ára kaupréttáætlun þegar núverandi kaupréttaráætlun fellur úr gildi.

Markmið fyrirhugaðrar kaupréttaráætlunar Arion banka er að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtíamarkmið bankans. Fastráðnu starfsfólki bankans mun gefast kostur á að gera samning um ávinnslu kaupréttar að hlutum í bankanum.

Gert er ráð fyrir að kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnist í fimm áföngum á fimm árum frá gerð kaupréttarsamnings. Hver starfsmaður mun á grundvelli áætlunarinnar geta keypt fyrir allt að 1.500.000 kr. á ári, miðað við skilgreint kaupverð, sbr. ákvæði 10. gr. tekjuskattslaga.

Kaupréttaráætlunin byggir á 10. gr. tekjuskattslaga og verður leitað eftir staðfestingu frá Skattinum á að áætlunin uppfylli skilyrði þeirrar greinar. Starfsmenn sem eiga bréfin í full tvö ár í kjölfar nýtingar kaupréttar borga fjármagnstekjuskatt af hagnaði en séu hlutir seldir innan tveggja ára greiðist tekjuskattur af hagnaði.

Árleg gjaldfærsla vegna kaupréttaráætlunarinnar byggir á Black-Scholes útreikningum í upphafi tímabils og er áætluð heildargjaldfærsla 925.000.000 kr. yfir fimm ár, sem jafngildir að meðaltali 185.000.000 kr. á ári.

8. Vegna dagskrárliðar 11 – Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans

Stjórn bankans leggur til breytingar á starfskjarastefnu bankans. Í fyrsta lagi er lagt til að bætt verði nánari tilvísun til þeirra laga og reglugerða sem starfskjarastefnan byggir á. Þá er lagt til að starfskjarastefnunni verði breytt þannig að heimilt verði að greiða starfsfólki eftirlitseininga bankans fastar árlegar uppbótargreiðslur, sem teljast hluti af föstum starfskjörum þeirra. Lagt er til að uppbótargreiðslurnar nemi ekki hærra hlutfalli en 10% af árlegum starfskjörum hlutaðeigandi starfsfólks sem útfært yrði í viðauka við ráðningarsamning þeirra til tiltekins tíma. Loks eru lagðar til breytingar á VIII. kafla starfskjarastefnunnar þar sem upplýst verði með frekari hætti um mælikvarða kaupaukakerfis bankans sem lýtur að mati ytri matsaðila á sjálfbærniáhættu bankans sem og að texti kaflans verði stytur og einfaldaður.

Starfskjarastefnu bankans, með framangreindum breytingum, má finna í viðauka 1 og á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.

Greinargerð:

Breytingin er varðar fastar árlegar uppbótargreiðslur til starfsfólks eftirlitseininga Arion banka hefur það að markmiði að efla samkeppnishæfi slíkra starfa, þar sem óheimilt er samkvæmt íslensku regluverki að greiða starfsfólki eftirlitseininga árangurstengd starfskjör, ólíkt regluverki annarra aðildarríkja ESB/EES. Fyrirhugaðar uppbótargreiðslur hafa verið settar fram til þess að uppfylla skilyrði fastra starfskjara, og þar með í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir, með því að vera fyrirframákveðnar, ekki valkvæðar, óháðar áhættutöku og varanlegar. Enn fremur skulu greiðslurnar vera hóflegar og ekki fara umfram 10% af árlegum starfskjörum starfsfólks. Bankinn hefur ráðfært sig við Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME) sem hefur tekið tillöguna til skoðunar og samþykkt að umrædd breytingartillaga sé í samræmi við lagalega skilgreiningu á hugtakinu „föst starfskjör“.

Að öðru leyti er fyrirhuguðum breytingum ætlað að auka skýrleika starfskjarastefnunnar.

Á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, er að finna afrit af starfskjarastefnu bankans og skjal sem rekur fyrirhugaðar breytingar á starfskjarastefnu bankans með skýrum hætti.

9. Vegna dagskrárliðar 12 - Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Stjórn bankans leggur til eftirfarandi tillögu um lækkun á hlutafé:

„Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 12. mars 2025, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 93.423.078 kr. að nafnverði, eða sem nemur 93.423.078 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.513.423.078 kr. í 1.420.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin



verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Tillagan felur í sér breytingu á grein 2.1 samþykkt bankans þannig að umrætt ákvæði samþykktanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutfé félagsins er kr. 1.420.000.000,00 – einn milljarður fjögur hundruð og tuttugu milljónir krónur.“

Greinargerð:

Lagt er til að hlutfé bankans verði lækkað til jöfnunar á eigin hlutum til hagsbóta fyrir hluthafa. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutfé bankans úr 1.513.423.078 kr. í 1.420.000.000 kr. að nafnverði. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur nú þegar samþykkt lækkun hlutfjár til jöfnunar á eigin hlutum í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglugerð ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR).

10. Vegna dagskrárliðar 13 - Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eiginfjárbáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum

Stjórn bankans leggur til að aðalfundur samþykki breytingar á samþykktum bankans til að endurnýja heimild stjórnar til útgáfu breytanlegra skuldabréfa sem teljast til eiginfjárbáttar 1 til ársins 2030.

Ef tillagan fæst samþykkt verða ákvæði 3.3 og 3.4 svohljóðandi:

„Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar þann 16. mars 2021 („ákvörðun hluthafafundar 2021“), voru hinn 24. september 2024 gefin út breytanleg skuldabréf („skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 samkvæmt 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), að upphaflegri fjárhæð samtals USD 125,000,000 og skráð í kauphöllinni í Lúxemborg. Skuldabréfin eru varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg og gefin út undir EUR 3.000.000.000 EMTN útgáfuramma félagsins. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt skuldabréfunum. Fjárhæð skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar er ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 172.176.309 hlutir. Hámarksfjöldi umbreytingarhlutanna sem heimilt er að gefa út við umbreytingu skuldabréfanna getur aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en skuldabréfanna, skiptingar hlutfjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slít félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Skuldabréfin eru breytanleg í umbreytingarhlutina í samræmi við skilmála skuldabréfanna ef umbreytingar atburður (eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum skuldabréfanna) á sér stað á meðan skuldabréfin eru útistandandi. Umbreytingarhlutirnir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar 2021, hafa hluthafar félagsins afsalað sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu umbreytingarhlutanna.

Aðalfundur haldinn hinn 12. mars 2025 veitir stjórn bankans heimild, á tímabilinu fram að aðalfundi bankans árið 2030, í eitt eða fleiri skipti, með frávikum frá hvers kyns forgangsrétti hluthafa, til að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð kr. 20.000.000.000 eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldmiðlum („nýju skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 samkvæmt 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR). Nýju skuldabréfin skulu vera varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg í hluti í félaginu. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt nýju skuldabréfunum. Endanleg fjárhæð nýju skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar skulu ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („nýju



umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 600.000.000 hlutir. Hámarksfjöldi nýrra umbreytingarhluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu nýju skuldabréfanna getur þó aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum nýju skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en nýju skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slit félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Nýju skuldabréfin skulu vera breytanleg í nýja umbreytingarhluti í samræmi við skilmála nýju skuldabréfanna. Nýju skuldabréfin skulu ekki umbreytanleg að vali skuldabréfaeigenda. Nýju umbreytingarhlutirnir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Hluthafar félagsins afsala sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu nýju umbreytingarhlutanna. Stjórn skal ákveða alla aðra skilmála og skilyrði vegna útgáfu á grundvelli þessarar heimildar.“

Greinargerð:

Tilfni tillögunnar er að endurnýja heimild sem hluthafafundur veitti stjórn bankans á aðalfundi 2021 til útgáfu breytanlegra skuldabréfa sem uppfylla kröfur sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 samkvæmt 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR). Núverandi heimild gildir fram að aðalfundi árið 2025 og voru hinn 24. september 2024 gefin út breytanleg skuldabréf sem teljast til eiginfjárbáttar 1 á grundvelli þeirrar heimildar. Lagt er til að ný heimild stjórnar gildi fram að aðalfundi bankans árið 2030.

11. Vegna dagskrárliðar 14 - Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Stjórn bankans leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að verði tillagan samþykkt verði heimildarinnar getið í viðauka nr. 1 við samþykktir bankans, í stað núverandi viðauka nr. 1 sem fellur niður og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi í sbr. grein 7.1 samþykktar bankans. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 12. mars 2025 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans eigin hluti, þannig að félagið og dótturfélög eigi samanlagt allt að 10% af hlutafé bankans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem bankinn eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsfólks þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2026 en hafi hann ekki farið fram 12. september 2026 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.“

Greinargerð:

Með tillögunni er lögð til endurnýjun á heimild stjórnar bankans til endurkaupa, þannig að félagið megi eiga allt að 10% eigin hluta. Markmiðið með ákvæðinu er að setja fram með gagnsæjum hætti hvernig bankanum skuli heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, samhliða



arðgreiðslustefnu bankans. Almenn séð gilda svipuð sjónarmið um endurkaup eigin hluta og árlegar arðgreiðslur, á grundvelli afkomu bankans.

Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup, eins og þau eru á hverjum tíma, séu uppfyllt. Þá skal gætt að því að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi veitt samþykki sitt fyrir fram áður en farið verður í endurkaup í samræmi við gildandi lög og reglur.

Enn fremur, í samræmi við ákvæði c-liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ESB nr. 596/2014 um markaðssvik, endurspeglar viðaukinn þá heimild bankans að nota þau hlutabréf sem hann eignast á grundvelli framangreindrar heimildar meðal annars í þeim tilgangi að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsfólks þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans, sbr. einnig dagskrárliður 11 hér að framan.

12. Vegna dagskrárliðar 15 – Tillögum að breytingum á samþykktum bankans

Stjórn bankans leggur til að á aðalfundi Arion banka verði samþykktar eftirfarandi breytingar á samþykktum bankans:

(a) Að ákvæði 17.3 verði breytt og verði sem hér segir:

„Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fjórtán (14) sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram. Í tilkynningunni skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því. Sama gildir um þá einstaklinga sem hyggjast gefa kost á sér í tilnefningarnefnd félagsins.“

(b) Að ákvæði 3.3 falli brott.

(c) Að ákvæði 3.5 og viðauki II falli brott.

Greinargerð:

Breytingin sem fram kemur í (a) lið gerir bankanum kleift að birta upplýsingar um endanlega frambjóðendur til stjórnar, sem og tilnefningarnefndar, fyrr en áður sem veitir öllum hluthöfum bankans rými tíma til þess að kynna sér og leggja mat á frambjóðendur. Breytingin leiðir einnig af þeirri framkvæmd að þeim SDR-heimildarskírteinishöfum sem kjósa að veita umboð til mætingar á hluthafafund þar sem stjórnarkjör á að fara fram þurfa almennt að skila umboði sínu eigi síðar en sex dögum fyrir fundinn, en umboðinu er ætlað að mæla fyrir um hvernig greiða eigi atkvæði fyrir þeirra hönd, m.a. varðandi kjör til stjórnar og tilnefningarnefndar. Í framkvæmd þýðir þetta því að þessir eigendur SDR-heimildarskírteina þurfa nú að afhenda umboð sitt áður en framboð til stjórnar og tilnefningarnefndar liggja fyrir. Þá er lagt til að framboðsfrestur einstaklinga sem hyggjast gefa kost á sér í tilnefningarnefnd bankans verði formlega innleiddur í samþykktirnar, til samræmis við framboðsfrest til stjórnar, í samræmi við þá viðteknu framkvæmd sem hefur verið í gildi varðandi framboðsferli stjórnar og tilnefningarnefndar síðustu ár.

Breytingin sem fram kemur í (b) lið byggir á því að hin útgefna breytanlegu skuldabréf verða greidd upp 26. febrúar 2025 og mun ákvæðið því ekki lengur eiga við.

Breytingin sem fram kemur í (c) lið byggir á því að tímabilinu til heimildar til útgáfu áskriftarréttindanna og nýtingartímabili þeirra er lokið og ákvæðin því í raun fallin úr gildi.

Á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm er að finna skjal sem rekur fyrirhugaðar breytingar á samþykktum bankans með skýrum hætti, sem og hreint eintak af samþykktunum með þeim breytingum sem lagðar eru til undir dagskrárliðum 12, 13 og 14.

13. Vegna dagskrárliðar 16 – Tillaga að breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar



Stjórn bankans leggur til að á aðalfundi Arion banka verði samþykkt eftirfarandi breyting á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans:

(a) Að ákvæði 3. mgr. 3. gr. verði breytt og verði sem hér segir:

„Based on shareholders' proposals and submissions of candidacy, the Committee shall propose to the shareholders candidates to serve on the Board of Directors and publish its proposal along with other declarations of candidacy at least 10 days prior to the Annual General Meeting or other shareholder meetings where Board election is on the agenda. In its proposal for candidates, the Committee shall propose which candidate shall serve as the Chairman and the Vice Chairman of the Board of Directors of the Bank. The Committee shall also propose to the Annual General Meeting the remuneration payable to the members of the Board of Directors. The Committee's proposal of candidates and remuneration shall be sent to all shareholders or made publicly available.“

Greinargerð:

Breytingin helst í hendur við þá breytingartillögu sem fjallað er um undir dagskrárlið 15, og vísast því til greinargerðar þess liðar.

Skýringar á liðum 4 og 8 í dagskrá fundarins:

Vegna dagskrárliðar 4 - Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar

Í samræmi við samþykktir bankans skal á aðalfundi m.a. fara fram kosning stjórnar bankans sem kjörin er til eins árs í senn.

Stjórn bankans hefur ákveðið að kosningu stjórnar bankans verði þannig háttað að aðalstjórn verði skipuð fimm einstaklingum og varastjórn tveimur, sbr. grein 17.1 í samþykktum bankans. Ákvörðunin byggist á tillögu tilnefningarnefndar bankans en tillagan kann að taka breytingum þegar endanlegar tillögur verða birtar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Nánari umfjöllun verður að finna í skýrslu tilnefningarnefndar, sem fyrirhugað er að verði aðgengileg á vefsíðu bankans 21. febrúar 2025.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. ákvæði samþykktar bankans. Skulu tilkynningar berast á netfangið nominationcommittee@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 7. mars 2025.

Tilnefningarnefnd mun gera tillögu til hluthafa um framboð til stjórnar sem mun byggjast á tillögum hluthafa og framkomnum framboðum. Fyrirhugað er að tillagan verði birt á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, 21. febrúar 2025. Upplýsingar um öll framboð verða birt eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn.

Vegna dagskrárliðar 8 - Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri til að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd á hluthafafundi. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður skipaður af stjórn bankans.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í nefndarkjöri skulu tilkynna um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Skulu tilkynningar því berast á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 7. mars 2025. Reglur samþykktar um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Upplýsingar um frambjóðendur í tilnefningarnefnd verða birtar á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn og verða þær aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.